



Akraneskaupstaður

Valdís Sigurðardóttir

Vesturgata 113

300 Akranes

Akranesi, 13. maí 2015

1504147 SH

Efni: Ráðningar í leikskólum Akraneskaupstaðar

Erindi um ráðningar í leikskólum Akraneskaupstaðar, undirritað af fulltrúa 3. Deildar félags leikskólakennara og trúnaðarmönnum leikskólakennara á Akranesi, var tekið fyrir í skóla- og frístundaráði 5. maí s.l.

Bókun skóla- og frístundaráðs var eftirfarandi.

Skóla- og frístundaráð þakkar erindið og leggur til við bæjarráð að fella úr gildi þá ákvörðun fjölskylduráðs frá 4.12.2012 um að hlutfall fagfólks í leikskólum geti að hámarki verið 75% af heildarstarfsmannahaldi í hverjum leikskóla, stjórnendur og starfsfólk í eldhúsi er undanskilið. Starfsmannahald og ráðningar verði á ábyrgð leikskólastjóra og uppfylli lög nr. 78/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Bókun bæjarráðs verður send bréfriturum þegar málið hefur verið tekið fyrir á þeim vettvangi.

Virðingarfyllst,

Svala Hreinsdóttir

deildarstjóri skóla- og frístundasviðs

Afrit sent til:

Kristjönu Jónu Jóhannsdóttur trúnaðarmanns í Vallarseli

Ragnheiðar Dagnýjar Ragnarsdóttur trúnaðarmanns í Garðaseli

Sigrúnar Vigdísar Gylfadóttur trúnaðarmanns í Akraseli

Þórdísar Árnýjar Örnólfssdóttur trúnaðarmanns í Teigaseli